

## Sandra Björgvinsdóttir

---

**From:** Betri spítali á betri stað <betrispitali@betrispitali.is>  
**Sent:** mánudagur, 12. júní 2017 09:55  
**To:** Samtök sv.félaga á hb.svæðinu  
**Subject:** Umsögn um legu Borgarlínu, vinnslutillögur sem kynntar voru 7. júní 2017

Góðan daginn

Samtök um Betri spítala á betri stað senda hér umsögn um „vinnslutillögur“, sem kynntar voru 7. júní 2017, varðandi legu Borgarlínunnar um Hafnarfjörður-Garðabær-Kópavogur.

Samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að línan liggja um gamla Hafnafjarðarveg og búið að útiloka legu um Reykjanesbraut.

Þetta teljum við mjög misráðið. Við viljum benda á að mjög mikilvægt er að Borgarlínan liggja eftir Reykjanesbrautinni fram hjá IKEA, Costco, Vífilstöðum, Smáralind, Mjóddinni og allt niður að Miklubraut meðal annars af eftirtöldum ástæðum:

1. Ementor voru fyrstu ráðgjafarnir sem komu að vali staðsetningar framtíðar þjóðarsjúkrahússins, þ.e. nýja Landspítalans. Þeir skiluðu skýrslu árið 2001 þar sem fram kemur að þeir töldu besta kostinn nýjan spítala á Vífilstöðum í Garðabær. Meirihluti landsmanna er sama sinnis samkvæmt skoðanakönnunum. Sjá hlekki skýrsluna neðst á [bessari heimasíðu Betri spítala](#).

Reyndar þarf að finna bestu staðsetningu nýs Landspítala með nýrri faglegri staðarvalsgreiningu og þá gætu aðrir staðir en Vífilsstaðir reynst jafngóðir eða betri kostur, svo sem við voga Elliðaána, í landi Keldna o.fl.

2. Vífilsstaðir eru meðal líklegra stoppistöðva [Fluglestarinnar](#). Þar væri því mikilvægur tengipunktur borgarlínu og fluglestar.

3. Mikil umferð tengist stórverslunum Costco, IKEA og Smáralind og íbúabyggð mun þéttast í nágrenni þeirra meðfram Reykjanesbraut. Costco er orðin langstærsta verslun landsins og hlýtur að vera æskilegt að Borgarlínan liggja nálægt henni.

4. Í Mjóddinni er stór skiptistöð Strætó og þar á mikið á eftir að byggja

F.h. Samtaka um Betri spítala á betri stað

Auðun Svavar Sigurðsson, skurðlæknir  
Ársæll Jónsson, f.v. öldrunarlæknir  
Áslaug Ragnars, blaðamaður  
Birgir Grímsson, lðnhönnuður, framkvæmdastjóri V6 Sprotahús, umsjónarmaður heimasíðu samtakanna  
Björn Geir Leifsson, læknir  
Björn Gíslason, borgarfulltrúi  
Ebba Margrét Magnúsdóttir, læknir, sérfræðingur á Kvennadeild  
Egill Jóhannsson, viðskiptafræðingur, forstjóri Brimborgar, stofnaðili  
Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur FAÍ, FSFFÍ  
Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur, stofnaðili, framkvæmdastjóri samtakanna  
Guðl. Gauti Jónsson, arkitekt  
Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri  
Hilmar Þór Björnsson, arkitekt  
Kristín S. Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri  
Ómar Sigurvin, læknir á Kvennadeild  
Sigurgeir Kjartansson, læknir  
Vilhjálmur Ari Arason, læknir  
Þröstur Þorvaldsson, sölustjóri, vélfræðingur og rekstrarfræðingur

Örn Þórðarson, stjórn málafræðingur og MBA, gjaldkeri samtakanna



**Samtök um Betri spítala á betri stað**

[www.betrispitali.is](http://www.betrispitali.is)

<https://www.facebook.com/betrilandspitaliabetristad>

S: 895 2485